

Ágætu búnaðarþingsfulltrúar og ágætu gestir.

Fyrir tveimur árum ræddi ég á þessum vettvangi um þær áskoranir sem blöstu við íslenskum landbúnaði og mína sýn á hvernig þeim yrði best mætt. Óvissa vegna ólögmæts leyfisveitingakerfis og innflutnings á ófrystu kjöti hvíldi eðlilega þungt á íslenskum bændum. Hugsanleg neikvæð áhrif tollsamnings við Evrópusambandið á íslenskan landbúnað létti ekki undir. Veik staða sauðfjárræktarinnar blasti við. Og nýlegir búvörusamningar voru að vissu leyti í uppnámi. Þetta var staðan – í upphafi árs 2018 var íslenskur landbúnaðar í vörn á mörgum sviðum.

Nú tveimur árum síðar ætla ég að segja við ykkur. Sameiginlega hefur okkur tekist að snúa taflinu okkur í hag. Staðan er það sem skáksérfræðingar kalla, vænleg en flókin. Verkefninu er langt í frá lokið en ég fullyrði að framtíðin getur verið björt ef haldið er rétt og skynsamlega á spilunum.

En hvað höfum við gert síðustu tvö árin?

Um síðastliðin áramót tóku gildi lög um afnám svokallaðrar frystiskyldu sem samþykkt voru á Alþingi með 47 atkvæðum. Forsöguna þekkið þið sem hér eruð ágætlega – en til að rifja upp var með samþykkt laganna loks verið að framfylgja skuldbindingu sem ríkisstjórn Íslands gerði árið 2006 og Alþingi samþykkti og tók endanlega gildi árið 2011. Við gildistöku laganna þann 1. janúar síðastliðinn var ólögmætu ástandi, sem hafði varað í um átta ár, aflétt og endir bundinn á ótakmarkaða skaðabótaskyldu íslenska ríkisins.

Allt frá því ég fékk þetta mál í fangið í desember 2017 hefur afstaða mín verið skýr. Afnám frystiskuldunnar var aðeins að hluta lögfræðilegt viðfangsefni. Stóra verkefni mitt var að móta og tryggja framgang umfangsmikillar og nauðsynlegar aðgerðaáætlunar í 17 liðum til að byggja upp öflugar varnir, tryggja öryggi matvæla og búfjárstofna samhliða því að styrkja samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Þar er meðal annars kveðið á um

- skipan áhættumatsnefndar sem þegar hefur verið skipuð, átak okkar heilbrigðisráðherra til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi sem er langt komið með því að setja á fót sérstakan Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóð,
- opinbera stefnu um innkaup opinberra aðila á matvælum sem liggur fyrir og er verið að innleiða,
- mótun matvælastefnu fyrir Ísland sem mun liggja fyrir síðar í þessum mánuði,
- átak um betri merkingar matvæla sem er langt komið og vinnu við að kanna þróun tollverndar sem lýkur á næstu vikum.

Auk þessa má nefna að nú þegar höfum við innleitt viðbótartryggingar gagnvart innfluttu kalkúnakjöti, kjúklingakjöti, eggjum, svínakjöti og nautakjöti ásamt því að lögfesta kröfu um að innflutt alifuglakjöt fullnægi sömu kröfum og gerðar hafa verið til innlendrar framleiðslu undanfarna tvo áratugi.

Ég fullyrði að þessi aðgerðaáætlun markar tímamót og er ekki aðeins róttæk heldur áhrifaríkasta aðgerð í landbúnaðarmálum í mörg ár.

Ég stend hér og fullyrði að samstillt átak, þar sem ólöglegt leyfiskerfi var afnumið á sama tíma og öryggi matvæla og vernd búfjárstofna var treyst enn frekar, hefur rennt styrkari stoðum undir íslenskan landbúnað en ekki veikt. Grundvallaratriði hefur hins vegar verið, og verður áfram, að standa með og draga fram óumdeilda kosti innlendrar matvælaframleiðslu umfram það sem innflutt er og stuðla þannig að því að íslenskar vörur verði fyrsti kostur allra neytenda. Um þetta grundvallaratriði eiga stjórnvöld og bændur að sameinast.

En hvað með tollasamning Íslands og Evrópusambandsins? Í mínum huga er það augljóst og óumdeilanlegt að forsendur samningsins hafa breyst. Þar skiptir útganga Breta úr ESB miklu enda falla úr gildi þau tollfríðindi sem samið var um vegna útflutnings á íslenskum landbúnaðarvörum til Bretlands.

Þessar breyttu forsendur takmarka að óbreyttu möguleika framleiðenda og útflytjenda íslenskra landbúnaðarafurða til að nýta til fulls í framtíðinni þá tollfrjálsu kvóta sem ESB hefur veitt fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir. Af þeim sökum hefur ríkisstjórnin samþykkt tillögu okkar utanríkisráðherra að framkvæma úttekt á hagsmunum Íslands af óbreyttum tollasamningi með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa orðið frá gildistöku hans. Í þeirri úttekt verður haft samráð við innlenda hagsmunaaðila, þ.m.t. hagsmunasamtök framleiðenda, neytenda, útflytjenda og innflytjenda landbúnaðarafurða. Í framhaldi þeirrar úttektar verður tekin ákvörðun um hvort óskað verði eftir viðræðum við ESB um endurskoðun á núgildandi tollasamning. Þetta er vinna sem er að fara af stað og áformað er að ljúka í vor.

Ágætu gestir.

Vandi sauðfjárþænda var mikið til umræðu í aðdraganda síðasta Búnaðarþings. Í janúar í fyrra var skrifað undir endurskoðun sauðfjársamningsins sem var stórt skref til að bregðast við þeim vanda, en þar var meðal annars samið um breytingar sem stuðla að meira jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á markaði með sauðfjárafurðir. Mikilvægast af öllu er að nú sjást merki um að hagar sauðfjárþænda sé að vænkast, meðal annars með hærra afurðaverði. Þá tel ég að þeir aðlögunarsamningar sem samið var um hafi gefið góða raun. Þannig hafa 15 þændur gert aðlögunarsamninga um að hætta eða draga úr framleiðslu og ráðast í staðinn í fjölbreytt verkefni í sveitum landsins. Við þurfum hins vegar áfram að leita leiða til að styrkja tekjugrunn sauðfjarræktarinnar og byggja undir stöðugan atvinnurekstur til frambúðar.

Eitt slíkt verkefni sem kallað er eftir er leyfi þænda til heimaslátrunar sem aukið gæti frelsi þeirra til dreifingar á kjöti á markaði. Í landbúnaðarráðuneytinu er unnið að því að setja af stað tilraunaverkefni í samstarfi við Landssamtök sauðfjárþænda og vonast ég til að kynna það nánar á næstu vikum.

Ágætu gestir.

Í október síðastliðnum var skrifað undir samning um endurskoðun nautgripasamnings búvörusamninga. Samkomulagið er mikilvægt skref fyrir frekari framþróun íslenskrar nautgriparæktar, meðal annars með því að viðhalda framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu sem hefur ýtt undir þá miklu hagræðingu sem orðið hefur í greininni til hagsbóta jafnt fyrir bændur og neytendur. Þá er sérstaklega ánægjulegt að tekist hafi samstaða milli bænda og stjórnvalda um þá sterku og metnaðarfullu stefnumörkun að kolefnisjafna að fullu nautgriparæktina eigi síðar en árið 2040. Starfshópar eru að störfum við að útfæra tiltekin úrlausnarefni og þar eru mikil tækifæri fyrir bændur, stjórnvöld og neytendur að sækja fram.

Þá vil ég nefna að eftir stendur að ljúka endurskoðun þeirra tveggja búvörusamninga sem eftir standa, garðyrkju og rammamarkaðssamning. Þær viðræður standa yfir og gangi allt að óskum lýkur þeim innan fárra vikna.

Ágætu gestir.

Búvörusamningar hafa undanfarna áratugi verið önnur meginstoða íslensks landbúnaðar. Síðustu búvörusamningar tóku gildi í upphafi árs 2016 og gilda til 10 ára en með reglulegri endurskoðun. Þetta fyrirkomulag hefur ýmsa kosti og skapar tiltekinn fyrirsjáanleika. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að til framtíðar þurfi heildstæðari stefnumörkun fyrir íslenskan landbúnað. Og í mínum huga er þetta hárrétti tíminn til að hefja slíka vinnu enda stendur íslenskur landbúnaður að mörgu leyti á krossgötum.

Því fagna ég tillögu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga að mótuð verði landbúnaðarstefna, um sameiginlega sýn og skýrar áherslur til framtíðar. Skýr landbúnaðarstefna til langrar framtíðar er hagur allra; bænda, neytenda, smásöluaðila, framleiðenda og stjórnvalda. Samhliða gefst tækifæri til að endurskoða landbúnaðarkerfið frá grunni. Við þurfum ekki að óttast endurskoðun. Hún er löngu tímabær og ég er sannfærður um að hún er forsenda frekari framþróunar greinarinnar. Mótun landbúnaðarstefnu er samvinnuverkefni bænda, neytenda og atvinnulífs, og stuðlar að frekari sátt um framtíð íslensks landbúnaðar.

Eftirspurn eftir hollum, hreinum og upprunavottuðum matvælum mun einungis aukast á komandi árum. Þar munu verða ráðandi verðmæti sem við Íslendingar búum svo vel að eiga, nægt hreint vant, endurnýjanleg orka, lítil mengun, heilbrigðir búfjárstofnar og lítil notkun aðskotaefna við framleiðslu matvæla. Þessi gæði eru grunnur þess að Ísland geti verið leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Landbúnaðarstefna sem miðar að þessu markmiði verður að leggja áherslu á nýsköpun, vörubrún, verðmætasköpun og sjálfbærni. Einnig verður stefnan að stuðla að náttúruvernd og leggja áherslu á rannsóknir og menntun.

Á sama tíma þarf slík stefnumótun að taka tillit til þess að íslenskur landbúnaður er ekki aðeins framleiðsluferill á matvælum. Íslenskur landbúnaður hvílir á breiðari grunni. Hann er hluti af vitund okkar um náttúruna, lífssýn bóndans og verðmætin sem felast í heiðum og dölum. Landbúnaðarstefna fyrir Ísland þarf að byggja á þessari arfleifð en um leið verðum við að horfast í augu við að kröfur, smekkur, viðhorf og lífstíll breytast hratt – nánast dag frá degi.

Því segi ég við ykkur hér í dag: Þetta verkefni verður í forgangi í landbúnaðarráðuneytinu á næstu misserum og vonast ég eftir uppbyggilegu samtali og samstarfi við bændur. Fyrsti þáttur verkefnisins hefst á næstu vikum, meðal annars með opnum fundum um allt land.

Ágætu gestir.

Mikilvægur, og raunar lífsnauðsynlegur, hlekkur í framþróun og framtíð íslensks landbúnaðar eru öflugar rannsóknir og menntun. Það er því eitt stærsta hagsmunamál íslensks landbúnaðar að efla Landbúnaðarháskóla Íslands. Samningur sem við Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, undirrituðum nýverið er ekki aðeins ánægjulegur heldur einnig mikilvægur fyrir landbúnað í heild sinni. Skólinn tók vel í það frumkvæði mitt að sinna skilgreindum verkefnum fyrir ráðuneytið, meðal annars að greina afkomu sauðfjárbænda og setja fram tillögur til að styrkja hana, greina tækifæri til aukinnar ylræktar, tækifæri til að auka framleiðni í landbúnaði og síðast en ekki síst að vinna að tillögum um virðisaukningu landbúnaðarafurða. Jafnframt mun skólinn skilgreina og undirbúa verkefni á sviði loftslagsmála um flokkun lands, mælingar

á bindingu og losun gróðurhúsalofttegunda. Þá mun skólinn leggja áherslu að tryggja betur aðkomu bænda að kennslu og rannsóknum við skólann. Þetta er atriði sem ég hef talað fyrir í nokkurn tíma og er afskaplega ánægður hve vel skólinn tók í að sinna þessum áherslum.

Ágætu gestir.

Eitt af því furðulegra sem hendir þann sem hér stendur er að funda oft í viku með öflugum starfsfólki á landbúnaðarskrifstofu ráðuneytisins, en lesa svo á sama tíma fullyrðingar frá ýmsum velgjörðarmönnum íslensks landbúnaðar um að þetta sama starfsfólk sé ekki til. Þannig er ýmist fullyrt að landbúnaður sé í skúffu í ráðuneytinu eða að skrifstofan hafi verið lögð niður. Menn virðast halda að ef þeir fullyrði þessa þvælu nógu oft að þá verði til nýr sannleikur. Staðreyndin er hins vegar sú að landbúnaðarskrifstofa ráðuneytisins hefur verið eflað til muna á þessu kjörtímabili, meðal annars með innkomu Búnaðarstofu í ráðuneytið en þeir starfsmenn hafa nú verið færðir undir skrifstofu landbúnaðar og matvæla. Sú skrifstofa er nú orðinn öflugri og kraftmeiri en hún hefur verið undanfarin ár og er nú fjölmennasta fagskrifstofa ráðuneytisins. Þrátt fyrir að ég sé ekki þeirrar gerðar að tala fyrir mikilli fjölgun opinberra starfsmanna er staðreyndin sú að aldrei áður hafa fleiri sérfræðingar unnið að landbúnaðarmálum í stjórnarráðinu en á þessum tímamarki. Þá hefur ráðuneytið áform um að vinna áfram í þessa veru með það að markmiði að efla enn frekar stjórnsýslu og stefnumótun á sviði landbúnaðar- og matvælamála til hagsbóta fyrir meðal annars íslenska bændur.

Ágætu gestir.

Ein stærsta ógn samtímans er hlýnun jarðar af völdum gróðurhúsalofttegunda. Loftslagsmálin eru og verða eitt stærsta verkefni íslensks landbúnaðar á næstu árum og áratugum enda hagsmunir framtíðarkynslóða í húfi. Svo vitnað sé í ljóð Tómasar Guðmundssonar:

En mörgum finnst hún dýr þessi hóteldvöl
þó deilt sé um hvort hótelið sjálft muni græða.
En við, sem ferðumst, eigum ei annars vö.
Það er ekki um fleiri gististaði að ræða.

Ég fagna þeirri forystu sem bændur hafa tekið hvað þessi mál varðar. Og það eru fjölmörg metnaðarfull og öflug verkefni í burðarliðnum. Í síðustu viku kynntum við umhverfisráðherra í ríkisstjórn verkefni með sauðfjárbændum um loftslagsvænni landbúnað. Þar bjóðast bændum námskeið um mögulegar aðgerðir í loftslagsmálum og þátttaka í markmiða- og aðgerðamiðuðu verkefni þar sem bændum býðst fjárhagslegur stuðningur. Varðandi íslenska nautgriparækt er starfshópur að störfum sem hefur það verkefni að útfæra þá stefnumörkun að nautgriparæktin verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040 og þegar liggur fyrir fjármagn í þær aðgerðir. Nefna mætti fleiri verkefni í þessa veru, meðal annars hjá garðyrkjubændum sem hafa unnið lengi að þessum málum af miklum myndarskap.

Öllu þessu ber að fagna. Ég er hins vegar sannfærður um að til að ná sem mestum árangri í þessari baráttu sé lausnin ekki að horfa einangrað á hverja búgrein. Það þarf að horfa á loftslagsmálin heildstætt. Stjórnvöld og bændur þurfa að sameinist um metnaðarfullt markmið; að íslenskur landbúnaður í heild sinni verði að fullu kolefnisjafnaður eigi síðar en árið 2040. Til þess að svo megi verða þá verða bændur að eiga þess kost að auka þekkingu á landi sínu og hafa styrk og getu til að auka bindingu kolefnis á eigin landi. Ráðgjöf og fjárhagslegir hvatar eru hér nauðsynlegir lykilþættir. Íslenskur landbúnaður verður þannig ekki hluti af vandanum eins og stundum má heyra í umræðunni, heldur hluti af lausninni.

Ein af þeim aðgerðum sem unnið er að í ráðuneyti mínu er setning reglugerðar um vernd landbúnaðarlands og eru drög að henni nú til kynningar á samráðsvef Stjórnarráðsins. Með henni er horft til þess að leggja auknar skyldur á sveitarstjórnir og landeigendur til að varðveita og vernda gott ræktunarland, sem víða er hörgull af í sveitum og við Íslendingar sem þjóð verðum að gæta að varðveislu þess til framtíðar.

Ágætu gestir.

Ég hef lagt mig fram um að eiga reglulegt og gott samtal við íslenska bændur, meðal annars með því að sækja þá heim en jafnframt með því að halda opna fundi um íslenskan landbúnað. Og ég er ekki hættur, langt í frá. Í þessum og næsta mánuði ætla ég að halda 10 opna fundi um allt land. Þar mun ég leggja sérstaka áherslu á þá vinnu sem fram undan er við mótun landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Deila með ykkur mínum áherslum og hugmyndum en um leið hlusta á sjónarmið ykkar.

Tækifæri íslensks landbúnaðar blasa við. Eftirspurn og þörf fyrir fyrsta flokks matvæli mun stóraukast á næstu árum og áratugum. Við erum í raun í öfundsverði stöðu. Ég vil að lokum hvetja til þess að bændur og stjórnvöld gangi samstillt til móts við þessi tækifæri og nýti þau til fulls. Gangi samstillt við að draga fram óumdeilda kosti innlendrar matvælaframleiðslu umfram það sem innflutt er. Gangi samstillt við að stuðla að því að íslenskar vörur verði fyrsti kostur allra neytenda. Gangi samstillt í að brjótast úr eilífri vörn í sókn fyrir íslenskan landbúnað.

Að safnast saman er upphafið. Að halda saman er framför. Að vinna saman er sigur.

Ágætu gestir.

Félagsmálin eru í brennidepli á Búnaðarþingi í ár. Það er ekki einungis hagsmunamál fyrir bændur að hafa öflug samtök sem sameina íslenska bændur og tala máli þeirra, það er jafnframt mikilvægt fyrir stjórnvöld. Ég færi ykkur mínar bestu óskir við úrlausn þessa og annarra mála sem til umræðu verða og óska ykkur góðra þingstarfa.